

Ed.

267. Frumvarp til laga

[66. mál]

um breyting á lögum nr. 19 22. marz 1948, um búfjárrækt.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Fyrri málsgr. 83. gr. laganna orðist þannig:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, verða sektum frá kr. 100.00 til kr. 5000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Sektarfé skal renna í sjóð þess búnaðarfélags, þar sem brotið er framið, ella í sveitarsjóð.

2. gr.

84. gr. laganna verði svo hljóðandi:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 44 frá 10. nóv. 1913, um forðagæzlu, og lög nr. 32 frá 8. sept. 1931, um búfjárrækt, og allar síðari breytingar, sem gerðar hafa verið á þeim lögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.